

Föstudaginn 10. apríl 1992.

Nr. 163/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Sigurjóni Reyni Eiríkssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Var kærunni lýst við uppkvaðningu úrskurðarins.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

I.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram, að ríkissaksóknari hafi ekki fært fram nein rök fyrir því, að nauðsynlegt sé að framlengja gæsluvarðhaldið vegna rannsóknar málsins. Varnaraðili hafi þegar setið 15 daga í gæsluvarðhaldi. Aðrir grunaðir hafi verið leystir úr haldi, og geti það ekki torvelað rannsókn málsins, að varnaraðili sé frjáls ferða sinna. Hafi hann lýst sakleysi sínu. Krafan um framlengingu gæsluvarðhalds virðist eingöngu gerð í þeim tilgangi að knýja fram játningu.

II.

Varnaraðili þessa máls er grunaður um að hafa fjármagnað og skipulagt innflutning á miklu magni fíkniefna, þar á meðal efna, sem fundust við leit á þremur mönnum á Keflavíkurflugvelli við komu þeirra frá Lúxemborg 22. mars sl.

Rannsókn stendur enn yfir á því, hvernig fjár til fíkniefnakaupanna var aflað. Enn fremur á eftir að afla gagna um tíðar utanferðir varnaraðila að undanfögnu. Ætla má, að varnaraðili geti torvelað þessa rannsókn.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.
Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 7. apríl 1992.

Ár 1992, þriðjudaginn 7. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn svofelldur úrskurður.

— — —

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Sigurjón Reynir Eiríksson er grunaður um fíkniefnamisferli, sem myndi, ef sannað teldist, varða hann fangelsisrefsingu. Þykir því 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki girða fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þessu tilviki.

Rannsókn á ætluðum fíkniefnainnflutningi Sigurjóns er enn á frumstigi samkvæmt gögnum máls, þrátt fyrir það að Sigurjón hafi setið í gæsluvarðhaldi frá 23. mars sl.

Rannsókn á vissum þáttum þessa máls mun þó vera lokið að mestu leyti, svo sem þætti Ragnars Jakobssonar, Sigurbjörns Eiríkssonar og Bryndísar Eiríksdóttur, enda munu þau hafa verið látin laus úr gæsluvarðhaldi.

Af hálfu lögreglu er talið, að Sigurjón geti torveldað rannsókn málsins, ef hann gengur laus, því að eftir er að rannsaka fjármálahlíð málsins að verulegu leyti auk þess að afla gagna um það, hverjir hafi verið með Sigurjóni á ferðalögum hans erlendis.

Með vísan til þess auk annars ofanritaðs þykir í þágu rannsóknarhagsmuna svo og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, rétt að verða við kröfu lögregluþyrvalda og ákvarða, að gæsluvarðhald Sigurjóns skuli framlengt, en þó ekki lengur en til kl. 12.00 miðvikudaginn 15. apríl 1992.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framlengt er gæsluvarðhald Sigurjóns Reynis Eiríkssonar, kt. 231060-2439, allt til kl. 12.00 miðvikudaginn 15. apríl 1992.
